



Menntastefna Skagastastrandar



Menntastefna er framtíðarsýn og viljayfirlýsing sveitarfélagsins í skóla- og frístundamálum. Hún sýnir hvaða gildum skólar sveitarfélagsins vinna eftir og hvaða óherslur skulu hafðar að leiðarljósi.

Gildin eru vellíðan, hamingja, samfélagsleg ábyrgð, sjálfbærni, metnaður og samvinna. Undirmarkmið stefnunnar eru læsi í víðum skilningi, sköpun og samstarf.

Menntastefnan er unnin eftir þeim gildum sem sveitarfélagið Skagaströnd hefur valið sér til framtíðar.

Skólar sveitarfélagsins eru Grunnskólinn Höfðaskóli, Leikskólinn Barnaból og Tónlistarskóli Austur Húnavetninga.



Markmið menntastefnu

Menntastefna Skagastrandar byggir á Aðalnámskrám leik- og grunnskóla og lögum um leik- og grunnskóla. Stefnan tekur einnig mið af Barnasáttmála og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Menntastefnan markar framtíðarsýn í menntamálum sveitarfélagsins.

- Að sveitarfélagið verði áhugaverður kostur til framtíðar búsetu.
- Að hagur barna sé alltaf hafður að leiðarljósi.
- Að styðja við og efla börn í að takast á við verkefni framtíðarinnar.
- Að börn hafi tækifæri til að þroskast og rækta hæfileika sína.
- Að skólasamfélagið byggi á lýðræðislegri þátttöku, virkni og virðingu fyrir mannréttindum, margbreytileika og umhverfi.

Framtíðarsýn og vörður stefnunnar

Vellíðan er grundvöllur árangursríks náms og starfs.

Skólarnir leggja sig fram við að stuðla að vellíðan allra nemenda og starfsfólks. Með því að hafa vinnuaðstöðu og húsnæði styðjandi og alla þjónustu aðgengilega fyrir alla.

Vörður stefnunnar eru:

- Samfélagsleg ábyrgð
- Sjálfbærni
- Metnaður
- Samvinna



Börn í forgrunni

Það er hluti þjóðmenningar okkar að öll geti lesið sér til gagns og gamans. Læsi er lykill að lífsgæðum og endurspeglar hæfni fólks til að skynja og skilja umhverfi sitt, náttúru og samfélag á gagnrýninn hátt og eflir það til virkar þátttöku í mótun þess. Lestur er öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er forsenda þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Skólinn á að vera gríðastaður barna þar sem þau finna til öryggis, fá tækifæri til að þroska og nýta hæfileika sína og njóta bernsku sinnar. Bernsku- og æskuárin eru mikilvægt skeið í ævi hvers einstaklings. Hver skóladagur og hver kennslustund ber í sér þroskamöguleika sem nýta þarf til fulls. Mikilvægt er að halda við eðlislægri forvitni barnsins, hún er ein mikilvægasta forsenda alls náms. Leikurinn er leið ungra barna til að læra á heiminn og læra um heiminn. Sköpun er einn af grunnþáttum mennskunnar. Hún þrífst í frjálsu, opnu og fjölbreytilegu samfélagi þar sem jafnrétti kynja og allra einstaklinga ríkir. Sköpun er kjarninn í listum og menningu, hönnun og nýsköpun. Öll eiga rétt á að nýta sköpunargáfu sína og í raun veltur framtíð okkar á því að sem flestir geti nýtt ímyndunaraflið sitt og sköpunargáfu.



Farsæld barna

Sveitarfélaginu Skagaströnd er umhugað um farsæld allra barna.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna hafa það að markmiði að stuðla að farsæld barna og foreldra. Sveitarfélagið Skagaströnd leggur áherslu á að öllum börnum sveitarfélagsins séu sköpuð skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar. Að börnum og fjölskyldum þeirra sé tryggður aðgangur að snemmtækum stuðningi og sérstökum tengilið í nærumhverfi þeirra. Tengiliður veitir upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu, aðstoðar við að tryggja aðgang að mati á þörfum, skipuleggur og fylgir eftir samþættingu og kemur áfram upplýsingum ef þörf er fyrir markvissari eða sérhæfðari þjónustu. Þjónustan er veitt á þremur þjónustustigum. Tengiliður á 1. stigi er starfsmaður leik-, grunn-, eða framhaldsskóla, heilsugæslu eða félagsþjónustu en málstjóri sem heldur utan um mál á 2. og/eða 3. stigi er starfsmaður félagsþjónustunnar.



Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna og barnvæn sveitarfélög

Markmið Sveitarfélagsins Skagastrandar er að verða barnvænt samfélag á næstu árum. Í því innleiðingarferli er unnið markvisst eftir Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.

Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn heimsins þarfnast sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu. Hann staðfestir að börn eru sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi óháð réttindum fullorðinna.

Öllum þeim sem koma að málefnum barna ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja samningnum. Hér er átt við stjórnvöld, foreldra, skóla og alla aðra sem vinna með börnum eða fyrir börn.

| | | | | | | |
|---|--|--|--|---------------------------------------|---|--|
| 1 HUSTAKID BARN | 2 ÖLL BÖRN ERU JÖFN | 3 ÞAD SEM BARNINU ER FYRIR BESTU | 4 RÉTTINDI GERD AD VERULEIKA | 5 LEIÐSÖGN FJÓLSKYLDU | 6 LÍF OG ÞROSKI | 7 NAFN OG RIKISFANG |
| 8 PERSÓNULEG AÐKENNI | 9 TENGLI VID FJÓLSKYLDU | 10 TENGLI VID FORELDRA I ÖÐRUM LÖNDUM | 11 VERND GEGN BROTTNAMI | 12 VIRÐING FYRIR SKOÖUNUM BARNNA | 13 FRELSI TIL AD DEILA HUGMYNDUM SINUM | 14 SKÖÐANA- OG TRÚFRELSI |
| 15 FÉLAGAFRELSI | 16 PERSÓNUVERND OG EINKALÍF | 17 AÐGengi AD UPPLÝSINGUM | 18 ÁBYRGÐ FORELDRA | 19 VERND GEGN OFBELDI | 20 UMÖNNUN UTAN FJÓLSKYLDU | 21 ATTLEIÐD BÖRN |
| 22 BÖRN SEM FLÓTTAMENN | 23 FÖTLUÐ BÖRN | 24 HEILSUVERND, VATN, MATUR, UMHYRFI | 25 EFTIRLIT MED VISTUN BARNNA UTAN HEIMILIS | 26 FÉLAGSLES OG EFNAHAGSLES AÐSTÖÐ | 27 NÆRING, FÓT OG ÖRUGGT HEIMILI | 28 AÐGANGUR AD MENNTUM |
| 29 MARKMIÐ MENNTUNAR | 30 MENNING, TUNGUMÁL, TRÚARBRÖÐ OG MINNIHLUTAHÓPA | 31 HVIÐL, LEIKUR, MENNING OG LISTIR | 32 VERND GEGN SKADLEGRU VINNU | 33 VERND GEGN SKADLEGUM VIMUFRUM | 34 VERND GEGN KYNFERDISOFBELDI | 35 VERND GEGN BROTTNAMI, VENDI OG MANSALI |
| 36 VERND GEGN MISBEITINGU | 37 BÖRN I HALDI | 38 VERND I STRÍÐI | 39 BATTI OG AÐLÖGUN | 40 BÖRN SEM BRJÓTA LÖG | 41 BESTU LÖGIN GILDA | 42 ALLIR VERÐA AD ÞEKKA RÉTTINDI BARNNA |
| 43-54 HVERNIG BARNASÁTTMÁLINN VIRKAR | BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA | | | | | |

Umhverfisvitund

Skólar sveitarfélagsins leggja áherslu á sjálfbærni, hófsemi og nægjusemi.

Markmið í umhverfispáttum eru:

- Nýta náttúruna og svæðin í nærumhverfinu til kennslu og leiks svo börn fái notið sín og læri að takast á við hana á krefjandi hátt.
- Að lögð sé áhersla á grenndarkennslu í skólum sveitarfélagsins.
- Að húsakynni séu heilnæm með tilliti til rýmis, lýsingar, loftgæða, hljóðviðstar og skyldra þátta.
- Stuðla að flokkun úrgangs, endurnýtingu og endurvinnslu.
- Að efniviður sem er notaður sé náttúrulegur, vistvænn og framleiddur við mannúðlegar aðstæður.



Skólastarf á Skagaströnd

Sveitarfélagið og skólarnir innan þess skulu í sameiningu:

- Skapa börnum metnaðarfullt námsumhverfi og aðstæður sem stuðlar að vellíðan og hamingju.
- Búa starfsfólki sínu góð vinnuskilyrði og gæta þess að aðbúnaður sé fullnægjandi.
- Leggja áherslu á starfsþróun.
- Veita börnum alhliða menntun og stuðla að þroska þeirra.
- Gæta þess að gott samstarf sé á milli heimilis og skóla.
- Virkja sköpunarkraft nemenda.
- Efla samfélagslega ábyrgð og skilning á mikilvægi sjálfbærs samfélags.
- Hafa velferð nemenda og starfsmanna að leiðarljósi öllum stundum.



Nám og kennsla

Skólar sveitarfélagsins leggja áherslu á að taka tillit til ólíkra þarfa einstaklinga og miða skipulag alls náms út frá því. Meta skal hæfileika hvers og eins nemanda og leita leiða til að koma til móts við þá.

Skólarnir leggja áherslu á:

- Fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt nám.
- Að markmið séu skýr og að þau séu mælanleg.
- Að mælingar á námsárangri séu fjölbreyttar.
- Að skapa svigrúm til að takast á við málefni sem upp koma.
- Að hvetja nemendur til heilbrigðs lífnis.
- Að gott samstarf sé á milli skólanna.
- Að hvetja til skapandi og sjálfstæðrar hugsunar.
- Að nemendur búi við öryggi og vellíðan.
- Að lagt sé upp úr væntingum um góða ástundum, hjá nemendum og starfsfólki.
- Að samstarf milli heimila og skóla byggji á virðingu.
- Að stjórnendur og aðrir starfsmenn hafi sýn sem einkennist af fagmennsku.

Samstarf heimila og skóla

Samstarf heimila og skóla um velferð og námsárangur nemenda er mjög mikilvægt. Foreldrastarf hefur mikinn kraft í för með sér og mikilvægt er að skólarnir virkji foreldra inn í skólastarfið. Jákvæð samskipti sem og traust milli heimilis og skóla stuðlar að framförum í námi og aukinni vellíðan hjá nemendum.

Í Aðalnámskrá kemur fram:

„Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við skóla, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrasamstarfi. Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna“

Mikilvæg forsenda fyrir árangursríku skólastarfi er góð upplýsingagjöf milli heimila og skóla.



Menntastefna til ársins 2034

Markmið sveitarfélagsins er að veita framúrskarandi menntun í umhverfi þar sem öll geta lært og öll skipta máli.

Leiðarljós stefnunnar eru:

- þrautseigja
- hugrekki
- þekking
- hamingja.

Skólar og aðrar menntastofnanir taki mið af þörfum, getu og hæfni sérhvers nemanda og vinni út frá styrkleikum og áhuga hvers og eins. Samfélaginu ber skylda til þess að hlúa sem best að velferð barna og tryggja öllum tækifæri til þess að þroskast og dafna á eigin forsendum innan menntakerfisins.

Mikilvægt er að tryggja að öll finni sig í menntakerfinu og að stuðlað sé að jafnrétti innan þess.

Þannig eru megin stoðir stefnunnar:

- Jöfn tækifæri fyrir öll
- Kennsla í fremstu röð
- Hæfni fyrir framtíðina
- Vellíðan í öndvegi og gæði í forgrunni.